

**394. fundur
Hreppsnefndar Tálknafjarðar
haldinn Miðtún1, Tálknafirði,
mánudaginn 29. desember 2008 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir

Dagskrá:

1. 0812085 - Frumvarp til laga um hækkun hámarksútsvars í 13,28%

Til máls tóku: EIS, BGG, BB, GÓ, BG, Hreppsnefnd samþykkir að fara í hámarksútsvar, 13.28% og var oddvita falið að tilkynna það til samgönguráðuneytis, samþykkt samhljóða.

2. 0812086 - Umsókn um frest vegna skila á fjárhagsáætlun 2009

Til máls tóku: EIS, BGG, BB, Tillaga oddvita er að fresta janúarfundi til 21. janúar þannig að nægur tími verði til gerðar fjárhagsáætlunar, samþykkt samhljóða.

3. 0811091 - KPMG. Endurskoðun fyrir Tálknafjarðarhrepp

Til máls tóku: EIS, BB, BGG, BG, GÓ, oddvita falið að ganga til samninga við KPMG vegna málsins, samþykkt einróma.

4. 0811090 - Deloitte hf. Endurskoðun fyrir Tálknafjarðarhrepp

Sjá niðurstöðu næsta liðar á undan

5. 0811089 - PricewaterhouseCoopers hf. Endurskoðun fyrir Tálknafjarðarhrepp

Sjá niðurstöðu næsta liðar á undan

6. 0812087 - Samningar um Dreifmennt og umboð til undirritunar.

Til máls tóku: EIS, BG, BGG, BB, GÓ, oddvita veitt heimild fyrir hönd sveitarfélagsins til að undirrita samninga vegna verkefnisins dreifmennt við menntamálaráðuneyti, jöfnunarsjóð og iðnaðarráðuneyti. Undirritun við menntamálaráðuneytið fór fram þann 19. desember sl. Fyrir liggja drög að samningi milli þátttökusveitarfélaga í verkefninu og voru þau samþykkt. Fulltrúi Tálknafjarðarhrepps í hópnum er Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir og varamaður er Birna Benediktsdóttir. Samþykkt einróma.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17.55

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |